

Mús í gildru.



Innilukt og lamað,
litla dýrið mitt,
berðu harm í hjarta
hrætt um lífið þitt.

Milli fjörs og feigðar
flestum ógnar brú. —
Eg er „lítill“ líka —
litlu stærri' en þú.

Er ei sorg og sæla
sama þér og mér?
Sömu lög sem leyfðu
lífið mér og þér?

Er ei sálin sama, —
sama þín og mín?
Sami guð sem gægist
gegn um augun þín?

Hugsun minni h e i m a
heldur ástin mín;
þér er ljúfust líka
litla holan þín.

Þótt þér minni máttur
marki lægri sess,
engin svör þótt eigir,
áttu' að gjalda þess?

Huga minn og hjarta
hitar sorgin þín. —
Þér eg hlýt að þyrma,
þú ert systir mín.

Sig. Júl. Jóhannesson.